

framfleytt í árlangt, þó eigendur eigi þar ekki lögheimili, enda eru þeir þá ekki fjallskilaskyldir af þeim peningi, þar sem þeir eiga heimili.

159
4. sept.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. september 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

160
5. sept.

varðandi framkvæmd bráðabirgðareglugerðar frá 1. september 1939, um sölu og dreifing á nokkrum vörutegundum.

1. gr.

Ef svo stendur á, að smásöluverzlun hefir eigi fyrirbyggjandi einhverja af vörutegundum þeim, sem taldar eru í 1. gr. bráðabirgðareglugerðar, dags. 1. sept. 1939, handa föstum viðskiptamanni sínum, en hann getur eigi fengið vöruna keypta hjá öðrum vegna ákvæða 3. gr. bráðabirgðareglugerðar um sölu og dreifing á nokkrum nauðsynjavörum, gefur smásöluverzlunin kaupanda vottorð um það, að hann sé venjulegur viðskiptamaður hennar, og lætur þess jafnframt getið, að hann hafi eigi þá vörutegund fyrirbyggjandi, sem óskað er eftir. Kaupandi getur þá fengið vöru þessa keypta hjá öðrum gegn afhendingu þessa vottorðs.

Gildir þetta vottorð aðeins fyrir eina úttekt, og lætur smásöluverzlun sú, er afhendir vöruna, það fylgja söluskýrslu sinni.

2. gr.

Ákvæði þessi öðlast þegar gildi.

Í ríkisstjórn Íslands, 5. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.